

# **Sameyki**

**stéttarfélag í almannaþjónustu**

**Markmið og kröfur**  
**Kjarasamningar 2019**  
**- Reykjavíkurborg -**

18. febrúar 2019

1. Inngangur .....	3
2. Meginmarkmið.....	3
3. Kröfur.....	4
4. Breytingar á einstökum greinum .....	5
5. Sérstök atriði.....	6
6. Önnur mál.....	6

## 1. Inngangur

Sameyki stéttarfélag í almannajónustu leggur hér fram kröfugerð vegna kjarasamninganna 2019. Kröfugerðin er byggð upp þannig að fyrst eru sett fram Meginmarkmið. Síðan fylgja á eftir Kröfur, Breytingar á einstökum greinum, Sérstök atriði og að lokum Önnur mál.

Í kröfugerðinni má m.a. finna nokkrar grundvallar kröfur sem hafa verið í deiglu á undanförunum árum. Ber þar sérstaklega að nefna **styttingu vinnuvikunnar** þar sem Reykjavíkurborg og ríki hafa sýnt frumkvæði meðal atvinnurekenda með því að setja á laggirnar tilraunaverkefni hjá einstökum stofnunum. Nú er komin mjög víðtæk reynsla af þeim verkefnum og því er okkur ekkert að vanbúnaði að ganga frá málinu í kjarasamningi. Eins er ástæða til að nefna tvær aðrar megin kröfur en það er **launaþróunartryggingin** annars vegar og **jöfnun launa milli markaða** hins vegar. Launaþróunartryggingin sem hefur verið við lýði frá 2016 hefur að okkar mati gefist mjög vel og leggjum við því þunga áherslu á að hún haldi sér í framtíðinni. Eins þarf að ganga frá leiðréttingu milli markaða í þessum kjarasamningum.

Að lokum ber að nefna að ýmsar kröfur sem snúa að stjórnvöldum eru á borði heildarsamtakanna BSRB. Þá gæti verið áðstæða til að sumar af þeim kröfum sem snúa að atvinnurekendum og eru sameiginlegar meðal stéttarfélagi BSRB verði einnig unnar af heildarsamtökunum.

## **2. Meginmarkmið**

- Að hækka laun og auka kaupmátt.
- Að stytta vinnuviku.
- Jöfnun launa milli almenna markaðarins og opinbera markaðarins, sbr. samkomulag um jöfnun lífeyrisréttinda 2016.
- Launaþróunartrygging til framtíðar.
- Að unnið verði að útrýmingu kynbundins launamunar.
- Framlag í sjúkra- og styrktarsjóð verði 1%.
- Að framlög til starfsmenntunar verði sambærileg við aðra kjarasamninga.

## **3. Kröfur**

- A. Að hækka laun og auka kaupmátt launa.
  - Skoðaðar verði leiðir með blandaðri aðferð.
  - Að gerð verði áætlun hvernig staðið verði að leiðréttingu á launum félagsmanna Sameykis hjá Reykjavíkurborg svo þau verði sambærileg launum fyrir sömu störf á almennum vinnumarkaði, sbr. samkomulag um jöfnun lífeyrisréttinda árið 2016.
  - Launatafla Reykjavíkurborgar: Starfsþróunarþrep hækki um 2% við hvert þrep og bil milli launaflokka verði leiðrétt.
  - Meta starfsreynslu frá öllum vinnuveitendum sem nýtist í starfi til launa.
  - Koma á viðbótarlaunakerfi.
- B. Vinnuskylda.
  - Styttning vinnuvikunnar í 35 stundir og hjá vaktavinnufólki verði vinnutíminn 80% af 35 stundum.

- Aðfangadagur og gamlársgdagur frídagar að fullu.
- Foreldrar fá aukafri vegna vetrarfrís- og skipulagsdaga í leik- og grunnskólum.
- Fjölga dögum sem hægt er að breyta yfirvinnu í frí.

C. Bættur réttur starfsmanna vegna veikinda og slysa.

- Vegna andláts nákomins ættingja/aðstandenda sé réttur á launuðu frí. (sjá fylgiskjal I)
- Veikindaréttur vegna nákominna ættingja/aðstandenda (víkka út grein veikinda barna og fjölga dögum).
- Tímavinnustarfsfólk eiga sama rétt til launa í veikindum og annað starfsfólk.
- Réttur á endurkomu í hlutastarf eftir langvarandi veikindi.

D. Styrking sí- og endurmenntunarúrræða og aukinn réttur til að náms- og starfsþróunar.

- Hækkun og jöfnun framlaga í sjóði, sbr. framlag ríkisins til annarra stéttarfélaganna þannig að framlag í starfsmenntasjóð hækki úr 0,70% af heildarlaunum í 0,82% auk þess sem 0,25% af heildarlaunum renni til í menntaseturs.
- Launuð námsleyfi sbr. ríki og önnur sveitarfélög

E. Bætt fyrirkomulag orlofsréttar.

- Sami orlofsréttur fyrir alla, afnema lífaldurstengingu og að réttur allra verði 240 klst.

#### **4. Breytingar á einstökum greinum**

- Að aðfangadagur og gamlársgdagur verði að fullu skilgreindir sem stórhátíðardagar (gr. 2.1.4.2).
- Vegna matar- og kaffitíma vaktavinnufólks breytist grein 2.6.9 þannig að í stað orðsins „...heimilt.“ kemur „...eigi rétt á...“.
- Tryggja að leyfisréttur bakvakta fyrnist ekki.
- Tryggingarkafli verði endurskoðaður með tilliti til jöfnunar á bótarétti vegna slysa í vinnu og frítíma.
- Endurskoða grein 1.3.1.3 um starfslýsingar t.d. varðandi orðalagið „Önnur tilfallandi störf“.
- Í gr. 6.3.1 um fatapeninga á heimilum fatlaðs fólks komi í stað orðsins „heimilt“ orðið „skylt“ auk þess sem tímavinnustarfsfólki verði tryggður réttur á fatapeningum.

- Endurskoðaðar verði bætur skv. grein 8.5.1 vegna starfsmanna sem verða fyrir skaða af hendi skjólstæðinga, sjá fylgiskjal I, liður 2.
- Ef ekki er tryggður aðgangur að mötuneyti eða matur skaffaður skal greiða fæðispeninga sbr. fylgiskjal 1, liður 3.
- Verkefnastofa Starfsmats verði gerð að sjálfsæðri stofnun.
- Tryggja skal neysluhlé starfsmanna sem vinna utan dagvinnumarka.
- Viðmið í 1.4.2. um tímavinnu í starfi sem telst minna en 33,33% verði lækkað í 20% sbr. Kjarasamningur Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsmannafélags Reykjavíkurborga

## **5. Sérstök atriði**

- Tryggja fulla mönnun vegna álags í störfum, auk þess að tryggja fulla mönnun í orlofi og öðrum leyfum.
- Gerð verði viðmið um mönnun við dagþrif og mötuneytisþjónustu í skólum.
- Greiðslur vegna vinnu sem unnin er utan skilgreinds vinnutíma, s.s. tölvu- og símasamskipti.
- Vegna matar- og kaffitíma vaktavinnufóks skal greiða yfirvinnu 5 mín pr/klst., þó að lágmarki 25 mín per/vakt.
- Vaktarálag skal haldast í orlofi.
- Opna möguleika starfsfólks á áframhaldandi störf eftir sjötugt.
- Endurteknar tímabundnar ráðningar fela ekki í sér reynslutíma á samningi nr 2 og þar á eftir.
- Samið verði um fasta upphæð að lágmarki vegna líkamsræktarstyrkja.
- Mat á menntun umfram kröfur í starf: Samræma við Sambandsamninginn, t.d. stúdentspróf og ECTS einingar.
- Mat á fagmenntun stuðningsfulltrúa í málefnum fatlaðra.
- Hækkun á desember og orlofsuppbót í samræmi við önnur sveitarfélög.

## **6. Önnur mál**

Umræður um fyrirkomulag og framkvæmd fastlaunasamninga.

Umræður hlutverk og verklag trúnaðarlækna.

Samþykkt borgarráðs 4. okt 2007 verði sett í kjarasamning.

Heimilt er að minnka vinnuskyldu starfsmanns sem orðinn er 65 ára og hefur starfað samfelld hjá Reykjavíkurborg í a.m.k. 10 ár um 20% (t.d 8 klst af 40

klst á viku m.v. fullt starf) án skerðingar á mánaðarlaunum þann tíma sem hann vill starfa áfram.

Skoða skal bókanir og fylgiskjöl fyrri samninga með tilliti til úrvinnslu þeirra.

Gildistími nýs samnings verði frá lokum þess síðasta.

Samninganefnd Sameykis áskilja sér allan rétt til að breyta kröfum og/eða bæta við ef þess er talin þörf.

Reykjavík

---

Árni St. Jónsson formaður Sameykis

## Fylgiskjal I

### 1. Fráfall

11.4.1 við andlát nákomins ættingja/aðstandenda skal starfsmaður ef nauðsyn krefur eiga rétt á allt að hálfmánaðar fríi á mánaðarlaunum skv.gr. 1.1.1 í kjarasamningi auk fastra greiðslna svo sem fyrir yfirvinnu, vakta- og gæsluvakta- og óþægindaálag og greiðslu fyrir eyður í vinnutíma enda sé um að ræða fyrirfram ákveðinn vinnutíma samkvæmt reglubundnum vöktum eða reglubundinni vinnu starfsmanns. (Kjarasamningur Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar 2015-2019)

### 2. 8.5 Skaðabótakrafa

8.5.1 Starfsmaður sem í starfi sínu sinnir einstaklingi sem að takmörkuðu eða jafnvel engu leyti getur borið ábyrgð á gerðum sínum, á rétt á að beina skaðabótakröfu sinni vegna líkams- eða munatjóns að launagreiðanda.

Við mat og uppgjör kröfunnar gilda almennar reglur skaðabótaréttarins.

(Kjarasamningur Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar 2015-2019)

Verði starfsmaður fyrir líkams- eða munatjóni í starfi sínu við að sinna einstaklingi sem að takmörkuðu eða engu leyti getur borið ábyrgð á gerðum sínum, eða sinna einstaklingi sem dæmdur hefur verið til fangelsisvistar eða vistaður í fangelsi eða á stofnun af öðrum orsökum skal honum bætt það tjón sem hann verður fyrir vegna starfs síns.

Við mat og uppgjör kröfunnar gilda almennar reglur skaðabótaréttarins. Embætti ríkislögmans fjallar um bótakröfu samkvæmt grein þessari og annast uppgjör bóta í umboði fjármálaráðuneytisins. (Kjarasamningur SFR – stéttarfélags í almannajónustu og fjármála- og efnahagsmálaráðherra f.h. ríkissjóðs 2015-2019)

### 3. Fæði og mötuneyti

3.4.5 Starfsmaður á vakt þegar matstofa vinnustaðar er ekki opin skal fá það bætt með fæðispeningum sem nema 380 kr. enda sé vinnuskylda starfsmanns a.m.k. 1 klst. fyrir og 1 klst. eftir umsamda matartíma á viðkomandi vakt sbr. Tímasetningar matartíma í gr. 3.2.1 (Kjarasamningur SFR – stéttarfélags í almannajónustu og fjármála- og efnahagsmálaráðherra f.h. ríkissjóðs 2015-2019)